

Mættir: Freyja R. Petersen, Emilía Anna, Magnea Kristleifs, Kristín Kristjánsdóttir, Sigríður Sóley,

Sigrún Kristjánsdóttir, Sólrún Halla, Hólmfríður Ólöf (varamaður Gróu Erlu ) og Ingibjörg Inga

Kristján Ingi og Þórhildur Ýr komust ekki til fundar.

1. Mál

Nýir fulltrúar í skólaráði boðnir velkomnir til starfa. Þeir eru Freyja, Emilía Anna, Hólmfríður og Magnea Kristleifs.

Gögn afhent og farið var yfir hlutverk skólaráðs.

2. Mál

Fulltrúar voru beðnir að gera grein fyrir því hvernig þeim fyndist skólastarfið fara af stað.

Nemendafulltrúar voru ánægðir og eru báðir sammála um góðan anda og að vinnufriður og eftirfylgni reglna sé betri en í fyrra. Sérstaklega til tók Freyja að gott væri að fá loksins að vera í bekk sem ekki væri samkennslubekkur. Emilía orðaði það að það væri gott að vera í samkennslu með drengjum í íþróttum, það væri hvetjandi til árangurs.

Kennarafulltrúar töluðu um góðan anda og starfið færi vel af stað.

Í sama streng tók foreldrafulltrúinn ( vantaði tvo á fundinn ) Fulltrúar starfsmanna eru einnig á sama máli.

3. Mál

Samþykkt var starfsáætlun skólaráðs fyrir árið 2013-2014. Hún verður birt á heimssíðu skólans.

4. Mál

Ingibjörg gerði grein fyrir því að árs-og sjálfsmatsskýrsla skólans hefðu verið vistaðar á heimasíðu GBF í júní og hvatti hún nefndarmenn til að kynna sér þær vel. Á starfsmannafundum í skólanum er verið að rýna umbótaáætlun þannig að allir séu meðvitaðir um hvað þarf að gera til að bæta skólastarfið.

Umbótaáætlunin var kynnt á fundinum og heilmiklar umræður sköpuðust um hana. Einnig var umræða um þá þætti sem á að meta í vetur og áætlun um mat til þriggja ára. Hana má sjá má í sjálfsmatsskýrslu.

5. Mál

Starfsáætlun skólans fyrir árið 2013-2014 er tilbúin og er búið að vista hana á heimasíðu undir „Skólinn - starfsáætlun“

Fundarmenn eru beðnir að lesa vel starfsáætlunina fyrir næsta fund þar sem hún verður tekin til samþykktar. Í henni eru nýir liðir frá fyrra ári s.s. móttökuáætlun, umhverfisstefna og vímuvarnaráætlun. Áætlun gegn kynferðisofbeldi er í vinnslu.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.  
Fundargerð ritaði Ingibjörg Inga